

Bekkingarsetur á Blönduósi

Framhaldsaðalfundur 19. nóvember 2018

Mætt: Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson, Jóhanna E. Pálmadóttir, Berglind Baldursdóttir, Lee Ann Maginnis, Þóra Sverrisdóttir, Elsa Arnardóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Ingibergur Guðmundsson og Erla Björk Örnólfsdóttir.

1. Setning fundar og skipun fundarritara

Arnar Þór Sævarsson, formaður stjórnar, setti fundinn, stjórnaði honum og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Ingibergur Guðmundsson ritaði fundargerð og var það samþykkt.

2. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá Bekkingarsetursins - samþætting verkefna í Kvinnaskólanum

Fyrir fundinum lá tillaga að nýrri skipulagsskrá fyrir Bekkingarsetrið en tillagan hafði verið send út með fundarboði. Einnig lá fyrir fundinum yfirlit um núverandi aðila í fulltrúaráðinu og hugmyndir að nýjum aðilum.

Til máls tóku um tillöguna: Lee Ann Maginnis, Jóhanna E. Pálmadóttir, Elsa Arnardóttir, Valgarður Hilmarsson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Þóra Sverrisdóttir og Bryndís Þráinsdóttir.

3. Almennar umræður

Arnar Þór Sævarsson tók til máls: Tilvist Bekkingarsetursins er alltaf að verða sterkara og sterkara. Frábært að sjá hvernig málin hafa þróast og textíllinn er alltaf að vaxa. Þar er um að ræða hluta af menningararfi þjóðarinnar og því ástæða til að gera honum góð skil, líka á alþjóðavísu. Verið er að flytja út menningararf, m.a. með listamiðstöðinni.

Nú eru tvær stofnanir, Bekkingarsetrið og Textílsetrið, að þetta raðirnar og með auknu samstarfi aukast tækifærin. Áfram þarf svo að halda með uppbyggingu Kvinnaskólasvæðisins svo starfsemin haldi áfram að vaxa og dafna.

Einnig lögðu fram spurningar: Anna Margrét Sigurðardóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Erla Björk Örnólfsdóttir, Valgarður Hilmarsson, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Lee Ann Maginnis og svaraði Elsa fyrirspurnum þeirra.

Að því loknu bar fundarstjóri nýja skipulagsskrá undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki þeirra aðila sem viðkomandi er fulltrúi fyrir.

Ný skipulagsskrá fylgir með fundargerðinni sem Fylgiskjal nr. 1.

Þá var samþykkt að bjóða eftirtöldum aðilum aðild að fulltrúaráðinu:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Listaháskóli Íslands, Myndlistarskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Ístex, Uppspuni, Varmi, Kidka-Hvammstanga, Atlantic leather, Vinir kvennaskólans, Ferðamálasamtök Norðurlands vestra, Ullarselið, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Bifröst.

4. Kosning stjórnar

Samþykkt var að fresta kosningu stjórnar til sameiginlegs fundar með fulltrúaráði Textíllistamiðstöðvarinnar, sem stefnt er að mánudaginn 10. desember, kl. 16:00.

5. Önnur mál

Enginn tók til máls undir þessum lið.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Ingibergur Guðmundsson

fundarritari

Fylgiskjal 1: Skipulagsskrá – Textílmíðstöð Íslands þekkingarsetur á Blönduósi